Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

Reykjavík, 20. nóvember 2019
2019090008
0.8.3

Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

***Samningur við KFUM og KFUK 2020***

Á fundi menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs 11, febrúar 2019 var samþykktur samningur við KFUM og KFUK vegna starfsemi félagsins í Reykjavík vegna ársins 2019.
Á fundinum var lögð fram eftirfarandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins:

> Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins í MÍT hvetja til að skoðað verði hvort ástæða sé til að samningar við félagasamtök sem sinna æskulýðsstarfi í samstarfi við borgina, séu gerðir til lengri tíma en eins árs í senn. Slíkt myndi styðja við aukinn stöðugleika í mikilvægu starfi félagasamtakanna. Fjölmörg félög hafa um langt árabil sannað mikilvægi sitt í æskulýðsstarfi í borginni og aukið fjölbreytileika í framboði á valkostum fyrir tómstundir barna og ungmenna. Með lengri samningum, en samningum til eins árs geta þessi félög horft lengra fram veginn og styrkt þannig starf sitt með börnum og ungu fólki í borginni.

Hjálagt fylgja drög að samningi við KFUM og KFUK vegna ársins 2020-2022. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir þessari fjárveitingu.
Lagt er til við menningar-, íþrótta- og tómstundaráð að það samþykki samningsdrögin fyrir sitt leyti og vísi þeim til staðfestingar borgarráðs.

Virðingarfyllst,

Ómar Einarsson

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.

ÍTR
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími 411 5000